

29. mars 2019

Góðan dag

Við sameiningu Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps þurfti hið nýja sveitarfélag að setja sér nýjar samþykktir skv. sveitarstjórnarlögum. Á sínum tíma voru gerðar þrjár samþykktir sem voru sameiginlegar fyrir sveitarfélög á starfssvæði HAUST, þetta er samþykkt um umgengni og þrifnað, samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald. Skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er það hlutverk heilbrigðisnefndar að semja drög að þessum samþykktum og leggja þær fyrir viðkomandi sveitarstjórn. Þær breytingar sem gerðar eru á samþykktum þurfa síðan að fá tvöfalda umfjöllun í viðkomandi sveitarstjórn.

Meðfylgjandi eru drög að þeim samþykktum sem um ræðir, drögin voru afgreidd á fundi heilbrigðisnefndar þann 26. mars sl. Þegar samþykktirnar hafa hlotið viðeigandi meðferð innan ykkar stjórnsýslu þarf að senda póst á undirritaða og hengja við fundargerðir þar sem samþykktirnar fá umfjöllun. Við hér hjá HAUST munum síðan sjá til þess að þessar sameiginlegu samþykktir verði birtar í stjórnartíðindum.

Um er að ræða minniháttar breytingar á gildandi samþykktum, sem snúa aðallega að breytingum á númerum á reglugerðum og greinum sem vísað er í. Vert er að taka fram að þessar samþykktir eru valkvæðar.

Ef þið hafið einhverjar spurningar þá endilega hafið samband við undirritaða.

Kveðja

Lára Guðmundsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi / Staðgengill framkvæmdastjóra  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands  
474-1235 / 893-0119



## SAMÞYKKT

um hundahald í sveitarfélögum á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlands.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um hundahald í Sveitarfélaginu Hornafirði, Djúpvogshreppi, Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótsdalshéraði og Vopnafjarðarhreppi sem er á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlands og sætir þeim takmörkunum sem getið er í samþykkt þessari.

2. gr.

Stjórnsýsla.

Heilbrigðisnefnd Austurlands, fer með málefni hunda og hundahalds samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Sveitarfélagið fer með framkvæmd samþykktarinnar eins og nánar greinir í henni í umboði heilbrigðisnefndar.

Sveitarfélagið skal ráða sérstaka dýraeftirlitsmann eða fela starfsmönnum sínum hlutverk dýraeftirlitsmanna. Dýraeftirlitsmenn sveitarfélaganna starfa undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar.

Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar, Matvælastofnunar og lögreglu yfirvalda þegar þörf krefur, t.d. ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu eða vörsluðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari eða þegar nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða heilbrigðis- og öryggissjónarmiða að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund.

3. gr.

Dýravelferð og dýravernd.

Um almennan aðbúnað og velferð gæludýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu hunda í atvinnuskyni gilda ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra.

Samkvæmt lögum nr. 55/2013, um velferð dýra, fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga.

4. gr.

Skráningarskylda.

Allir hundar eru skráningarskyldir á nafn og lögheimili lögráða eiganda eða umsjónarmanns í sveitarfélaginu. Viðkomandi einstaklingur er skráður eigandi eða umsjónarmaður hundsins og skal hundurinn haldinn á heimili eigandans. Útgefið leyfi er óframseljanlegt. Óheimilt er að skrá fleiri en tvo hunda á sama heimili.

Skylt er að sækja um skráningu hunds til viðkomandi sveitarfélags innan tveggja vikna frá því að hundur er tekinn inn á heimili. Hvolpa skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Hundar sem sótt er um skráningu fyrir skulu örmerktir af dýralækni samkvæmt reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra, og skal númer merkis skráð við skráningu dýrsins.

Dveljist hundur tímabundið í einhverju af sveitarfélögum sem samþykkt þessi gildir um skal skrá hann hjá viðkomandi sveitarfélagi, en slík skráning skal þó ekki gilda lengur en í þrjá mánuði.

Deleted: Nr. 933 5. október 2015

Deleted: . Hundahald í framangreindum sveitarfélögum

Deleted: fram koma

Deleted: svæðis

Deleted: ögin sem tilgreind eru í 1. gr.

Deleted: ara

Deleted: ögin

Deleted: u

Deleted: u

Deleted: e

Deleted: 1077

Deleted: 04

Deleted: aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni

Deleted: hjá því sveitarfélagi sem eigandi hans hefur lögheimili í

Moved (insertion) [1]

Deleted: Ekki skal

Deleted: eða húðflúraðir

Deleted: 1077

Deleted: 04

Deleted: , um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni

Skráning skal fara fram sem fyrst og ekki seinna en innan tveggja vikna frá því að hundur kom inn í viðkomandi sveitarfélag. Um gestkomandi hunda sem skráðir eru tímabundið sem og óskráða hunda gilda öll ákvæði þessarar samþykktar.

Við skráningu hunds getur sveitarfélagið leitað umsagnar lögreglu og annarra heilbrigðiseftirlitssvæða telji það ástæðu til.

5. gr.

*Gögn sem þarf að framvísa við skráningu.*

Eftirfarandi gögn skal leggja fram við skráningu hunds:

1. Undirritaða umsókn á umsóknareyðublöðum sem má nálgast á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags.
2. Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni hunds.
3. Mynd af hundinum.
4. Vottorð frá dýralækni um einstaklingsmerkingu hunds, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra [og 11. Gr. reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra.](#)
5. Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun hundsins, sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti [m.s.br.](#)
6. Staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafyrirtæki um að umsækjandi hafi gilda ábyrgðartryggingu sem nær til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri eða munum sé sveitarfélagið ekki með hóptryggingu innifalda í skráningargjaldi.

Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús, og skal leggja fram samþykki tilskilins hluta íbúðareigenda í fjöleignarhúsi. Þetta skal gert áður en hundur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi.

Skilyrði fyrir skráningu hunds er að gögn skv. 1. mgr. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda og skráningargjald greitt samkvæmt gjaldskrá [sveitarfélagsins.](#)

Eigandi hunds skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi skriflega innan mánaðar um aðsetursskipti eða dauða hunds.

Óheimilt er að halda hund í húsnæði þar sem enginn er búsettur.

Sveitarstjórn getur ákveðið að óheimilt sé að halda hund í húsnæði sem sveitarfélagið á.

Sveitarfélagi er heimilt að hafna beiðni um skráningu hunds ef umsækjandi hefur áður ítrekað gerst brotlegur við samþykkt um hundahald í sveitarfélaginu eða annars staðar.

Umsækjandi getur skotið synjun sveitarfélagsins um skráningu hunds til [Heilbrigðisnefndar Austurlands.](#)

6. gr.

*Bannaðar hundategundir.*

Bannað er að halda hunda af þeim tegundum sem óheimilt er að flytja til landsins samkvæmt ákvörðun ráðherra svo og blendinga af þeim, sbr. reglugerð nr. 935/2004, um innflutning gæludýra og hundasæðis. Ennfremur [er bannað að halda](#) blendinga af úlfum og hundum.

**Moved up [1]:** Útgefið leyfi er óframseljanlegt. Ekki skal skrá fleiri en tvo hunda á sama heimili.

**Deleted:** Hund skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur lögheimili í einhverju þeirra sveitarfélaga sem samþykkt þessi gildir um. Viðkomandi einstaklingur er skráður eigandi hundsins og skal hundurinn haldinn á heimili eigandans.

**Deleted:** sem viðkomandi

**Deleted:** hefur sett

**Deleted:**

**Deleted:** h

**Deleted:** til endurupptöku og úrskurðar.

7. gr.

*Skyldur sveitarfélags.*

Í kjölfar skráningar ber sveitarfélagi að afhenda eiganda hunds leyfisskírteini sem staðfestingu þess að hundurinn hafi verið skráður til heimilis í sveitarfélaginu.

Sveitarfélag skal tryggja að til staðar sé dýrageymsla sem hefur tilskilin leyfi skv. 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti, og reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Í dýrageymslu skal hýsa hunda sem þarf að fanga vegna lausagöngu eða brota á samþykkt þessari.

Sveitarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda, svo sem á fólkvöngum, útivistarsvæðum og skíðasvæðum. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem sleppa má hundum lausum. Svæði þessi skulu auglýst og kynnt sérstaklega fyrir hundaeigendum og almenningi.

8. gr.

*Skyldur eftirlitsaðila.*

Dýraeftirlitsmenn sveitarfélaga skulu halda og uppfæra skrá yfir hunda í sveitarfélaginu. Í skránni skulu koma fram allar upplýsingar er varða skráða hunda og sem dýraeftirlitsmaður telur skipta máli þ.m.t. hvenær hundarnir hafa verið ormahreinsaðir og öll afskipti sem eftirlitsaðilar hafa haft af hundum og eigendum þeirra. Heilbrigðiseftirlit, Matvælastofnun, lögregla og eftir atvikum aðrir starfsmenn sveitarfélags skulu tilkynna dýraeftirlitsmanni um kvartanir og afskipti þeirra af hundum í sveitarfélaginu.

Dýraeftirlitsmaður leggur til við heilbrigðisnefnd að hundaeigendur séu áminntir vegna brota á samþykkt þessari, sbr. 13. gr., og heldur skrá um þær tillögur.

Dýraeftirlitsmenn starfa samkvæmt verklagsreglum sem Heilbrigðisnefnd Austurlands samþykkir.

9. gr.

*Skyldur eigenda og umráðamanna hunda.*

Skráðum eiganda hunds ber að sjá til þess að umhírða hundsins sé í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

Hundaeigendur skulu færa hunda sína árlega til ormahreinsunar hjá dýralækni og afhenda sveitarfélaginu staðfestingu á að ormahreinsun hafi farið fram, sé þess þörf. Sveitarfélagið upplýsir um hvenær árleg ormahreinsun fer fram og er hundaeigendum skylt að mæta á tilsettum tímum með hunda sína. Ef hundaeigandi getur af einhverjum ástæðum ekki mætt á tilsettum tíma skal hann afhenda sveitarfélaginu staðfestingu frá dýralækni um að ormahreinsun hafi farið fram.

Hundaeigendum er skylt að ábyrgðartryggja sig gegn tjóni sem hundar þeirra kunna að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum og skulu árlega framvísa til sveitarfélags staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafélagi þar um, sé sveitarfélagið ekki með hóptryggingu innifalda í skráningargjaldi.

Hundaeigendur skulu árlega greiða skráningargjald fyrir hunda sína samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ekki skal skilja hund eftir einan og eftirlitslausan að jafnaði lengur en átta klst. í senn nema í undantekningartilvikum. Aðeins er heimilt að tjóðra hunda utandyra í undantekningartilvikum og þá einungis undir eftirliti í stuttan tíma í senn, sbr. reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Þegar

Deleted: viðkomandi

Deleted: 1077

Deleted: 04

Deleted: aðbúnað og umhírðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni

Deleted: viðkomandi

Deleted: h

Deleted: setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og í

Deleted: 25

Deleted: 1077

Deleted: 04

Deleted: aðbúnað og umhírðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni

hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að þeir sem eiga réttmætt erindi inn á lóðina geti óhindrað farið um lóðina.

Hundar skulu ávallt bera ól með plötu um hálsinn með ágreypstu skráningarnúmeri og símanúmeri eiganda.

Hundur skal aldrei ganga laus utan svæða sem eru þar til ætluð, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum eða vera í tryggu gerði innan lóðar. Ef hundur sleppur skulu umráðamenn þegar gera ráðstafanir til að handsama hann.

Után þéttbýlismarka er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umsjónarmanns, án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda. Sé hundur laus ber umsjónarmanni að tryggja að hann valdi ekki öðrum ónáði, skapi hættu eða óöryggi. Lausir hundar mega þó ekki vera á skíðasvæðum þegar þau eru notuð sem slík.

Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu þeir hundar háðir ákvæðum samþykktar þessarar.

Eiganda eða umráðamanni hunds er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

Eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði, óöryggi eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt, t.d. með stöðugu eða ítrekuðu gelti eða ýlfri.

Ef hundur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónáði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni hundsins að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Hafi eigandi eða umráðamaður hunds vitneskju um eða ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur skal hann ávallt hafa hundinn mýldan utan heimilis.

Óheimilt er að koma með hunda, þó í taumi séu, í opinberar stofnanir, vatnsveitur, að vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, brunnum og sjóveitum eða á **þeim stöðum** sem tilgreindir eru í fylgiskjali 3 við reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti.

Heimilt er þó að fara með dýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega eru ætluð dýrum.

Einnig er óheimilt að hleypa hundum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr.103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur, brennur eða flugeldasýningar.

Hundaieganda ber að hlíta lögum og reglum sem varða hundahald sem og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

10. gr.

#### *Lausaganga hunda.*

Hunda sem ganga lausir á almannafæri er heimilt að handsama og færa í dýrageymslu á vegum sveitarfélagsins. Lesið skal af einstaklingsmerkjum og þegar gerðar ráðstafanir til að hafa uppi á eigendum hundanna.

Sé hundur ekki skráður í sveitarfélaginu er óheimilt að afhenda hann fyrir en hann hefur verið skráður í samræmi við 5. gr. Að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu greiðslu skráningar- og handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins, sbr. gjaldskrá sveitarfélags, getur eigandi hundsins fengið hann afhentan.

**Deleted:** eftirfarandi staði

**Deleted:** 1. Almennings- og útisalerni.¶  
2. Hvers konar sörpgeymslur og staði þar sem úrgangur er meðhöndlaður.¶  
3. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.¶  
4. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema samkvæmt ákvörðun umsjónaraðila.¶  
5. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.¶  
6. Skóla, kennslustaði, barnaheimili og gæsluvelli.¶  
7. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrti- og sólbaðsstofur.¶  
8. Heilsuræktar- og íþróttastöðvar, íþróttahús og baðstaði.¶  
9. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.¶  
10. Samkomuhús hvers konar, svo sem kirkjur, leikhús, hjómleikasali, söfn og kvikmyndahús.¶  
11. Almennar skrifstofur.¶  
12. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og lífgeymslur.¶  
13. Almenn samgöngutæki.¶  
14. Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.¶  
15. Lækna- og tannlæknastofur.¶  
16. Sjúkrahús og aðgerðarstofur.¶  
17. Nuddstofur og vistarverur sjúkraþjálfunar.¶  
18. Húðflúrstofur.¶  
19. Sumarbúðir fyrir börn.¶

Sé skráður hundur handsamaður skal tilkynna eiganda það svo fljótt sem auðið er og upplýsa hann um handsömunina. Ef eigandi vitjar hunds eigi innan sjö sólarhringa, frá því að honum er tilkynnt um handsömun getur heilbrigðisfulltrúi í umboði Heilbrigðisnefndar Austurlands látið aflífa hundinn án frekari fyrirvara eða ráðstafað honum til nýs ábyrgs eiganda. Ef skráður eigandi finnst ekki innan tveggja vikna frá handsömun, er hægt að ráðstafa hundi með þeim hætti sem gildir um hálfvillt dýr, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Áfallinn kostnaður greiðist af skráðum eiganda.

Deleted: strax

Deleted: hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér

Deleted: h

Deleted: dýra

Hundur sem ekki er einstaklingsmerktur í samræmi við 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, telst vera hálfvillt dýr. Komi til handsömunar á slíkum hundi er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta, þegar liðnir eru tveir sólarhringar frá handsömun.

Sé hundur handsamaður sem ekki er skráður í sveitarfélaginu er óheimilt að afhenda hann fyrr en búið er að greiða handsömunargjald auk annars áfallins kostnaðar, sbr. gjaldskrá sveitarfélagsins.

Skrá skal hundinn skv. 3. mgr. 4. gr. ef hann dvelur lengur en tvær vikur í sveitarfélaginu.

#### 11. gr.

##### *Grimmir, varasamir og hættulegir hundar. Aflífun.*

Hafi hundur bitið mann, skepnu eða gæludýr sem og ef hundur telst hættulegur, getur tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður. Leggi tjónþoli eða forráðamaður hans ekki fram kröfu um aflífun hunds skal heilbrigðiseftirlit gera kröfu þar um að fenginni rökstuddri beiðni frá dýraeftirlitsmanni sveitarfélags.

Samþykki skráður eigandi hunds ekki aflífun og skal þá heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um hvort fallist verði á kröfuna. Óski hundaeigandi þess getur hann lagt fram álit sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundþjálfara sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

Deleted: Nú s

Deleted: r

Meðan mál hunds er í skoðun er eiganda skylt að hafa hundinn í samþykktri dýrageymslu.

Eigandi getur þó sótt um til heilbrigðisnefndar að fá að hafa hundinn á heimili sínu meðan málið er í skoðun gegn skuldbindingu um að hafa hundinn ávallt mýldan þegar hann er utandyra.

Allur kostnaður vegna skapgerðarmats og vistunar hunds skal greiddur af eiganda.

Hafi hundur bitið tvisvar eða oftar eða valdið skaða, má aflífa hann án frekari viðvarana.

#### 12. gr.

##### *Gjaldtaka.*

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá sem viðkomandi sveitarfélag setur skv. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Deleted: 5. mgr. 25

Skráningargjald skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram.

Gjöldunum er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélags við hundahald og framkvæmd samþykktar þessarar. Í gjaldskránni skal koma fram hvað er innifalið í skráningargjaldi og upphæð handsömunar- og vörslugjalds vegna hunda sem ganga lausir eða hunda sem teknir eru í vörslu sveitarfélagsins vegna brota á samþykkt þessari.

Við ákvörðun gjalda skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbylum eru undanþegnir skráningargjaldi, en skylt er að framvísa til sveitarfélags eða dýragæslumanns árlegu vottorði um ormahreinsun og merkingu.

Sveitarstjórn getur felld niður eða ákveðið lægra gjald fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda svo og fyrir hunda sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar fötludu fólki.

13. gr.

*Þvingunarúrræði og afturköllun leyfa.*

Um valdsvið og þvingunarúrræði ~~fer samkvæmt ákvæðum~~ laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

**Deleted:** vísast til VI. kafla

Sveitarfélagi er heimilt að afturkalla skráningu hunds ef vanhöld verða á ormahreinsun, tryggingum eða greiðslu skráningargjalda sem og ef eigandi hunds hefur brotið gegn samþykkt þessari.

**Moved (insertion) [2]**

~~Skráðir~~ eigendur eða umráðamenn hunda sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu jafnan sæta skriflegri áminningu af hálfu heilbrigðisnefndar og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta.

**Deleted:** E

Ef eigandi eða umráðamaður hunds vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað eða alvarlega gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hundahald getur heilbrigðisnefnd bannað viðkomandi að halda hund og látið fjarlægja hundinn.

**Moved up [2]:** Sveitarfélagi er heimilt að afturkalla skráningu hunds ef vanhöld verða á ormahreinsun, tryggingum eða greiðslu skráningargjalda sem og ef eigandi hunds hefur brotið gegn samþykkt þessari.¶

~~Skráðum~~ eiganda er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

**Deleted:** E

14. gr.

*Viðurlög.*

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari ~~fer samkvæmt ákvæðum~~ laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

**Deleted:** vísast til VIII.

**Deleted:** kafla

Um kærumeðferð fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem samin er af Heilbrigðisnefnd Austurlands og samþykkt af sveitarstjórnnum Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Djúpavogshrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðarhrepps staðfestist hér með skv. ~~59.~~ gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir ~~og~~ ~~öðlast~~ gildi þegar við birtingu.

**Deleted:** 25

**Deleted:** , til þess að

**Deleted:** Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 704/2010 um hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og í Vopnafjarðarhreppi sem og samþykkt nr. 996/2008 um hundahald í Djúpavogshreppi og samþykkt nr. 573/2007 um hundahald í Sveitarfélaginu Hornafirði.

**Deleted:** 5. október 2015.¶

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.

Nr. 912 1. október 2015

## SAMÞYKKT

um kattahald og gæludýrahald annarra en hunda í sveitarfélögum á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlands.

1. gr.

### Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir í Sveitarfélaginu Hornafirði, Djúpavogshreppi, Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótsdalshéraði og Vopnafjarðarhreppi sem er á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlands og sætir þeim takmörkunum sem getið er í samþykkt þessari.

2. gr.

### Stjórnssýsla.

Heilbrigðisnefnd Austurlands fer með málefni katta og annarra gæludýra samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Sveitarfélagið fer með framkvæmd samþykktarinnar eins og nánar greinir í henni í umboði heilbrigðisnefndar.

Sveitarfélagið skal ráða sérstaka dýraeftirlitsmann eða fela starfsmönnum sveitarfélagsins það hlutverk, Dýraeftirlitsmenn sveitarfélaga starfa undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar.

Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar, Matvælastofnunar og lögregluþingvalda, ef og þegar þörf krefur, t.d. ef köttur eða annað gæludýr er að mati eftirlitsmanns hættulegt umhverfi sínu, vörsluaðili dýrsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari, þegar nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna dýravelferðar eða heilbrigðis- og öryggissjónarmiða að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýr.

3. gr.

### Dýravelferð og dýravernd.

Um almennan aðbúnað og velferð gæludýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu katta eða annarra gæludýra í atvinnuskyni gilda ákvæði Jaga nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra.

Samkvæmt lögum nr. 55/2013, um velferð dýra, fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga.

4. gr.

### Skráningarskylda.

Allir kettir í þéttbýli eru skráningarskyldir á nafn og lögheimili lögráða eiganda eða umsjónarmanns í sveitarfélaginu. Viðkomandi einstaklingur er skráður eigandi eða umsjónarmaður kattarins og skal kötturinn haldinn á heimili eigandans. Útgefið leyfi er óframseljanlegt. Óheimilt er að skrá fleiri en tvo ketti á hvert heimili.

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum.

Skylt er að sækja um skráningu kattar í þéttbýli hjá því sveitarfélagi sem eigandi hans hefur lögheimili innan tveggja vikna frá því að köttur er tekinn inn á heimili. Kettlinga skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Deleted: svæðis

Deleted: Sveitarfélögin

Deleted: sem eiga aðild að samþykkt þessari

Deleted: ara

Deleted: ög

Deleted: ulu

Deleted: e

Deleted: dýraeftirlitsmanna

Deleted: reglugerðar nr. 1077/2004

Deleted: , um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni



Kettir sem sótt er um skráningu fyrir skulu örmerktir af dýralækni samkvæmt reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra, og skal númer merkis skráð við skráningu dýrs.

**Deleted:** eða húðflúraðir

**Deleted:** 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni

Við skráningu kattar getur sveitarfélag leitað umsagnar lögreglu og annarra heilbrigðiseftirlitssvæða telji það ástæðu til.

**Deleted:** Ketti skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur heimili í viðkomandi sveitarfélagi og skal kötturinn haldinn á heimili eigandans. Útgefið leyfi er óframseljanlegt. Ekki er heimilt að skrá fleiri en tvo ketti á hvert heimili.

5. gr.

*Gögn sem þarf að framvísa við skráningu.*

Eftirfarandi gögn skal leggja fram við skráningu kattar:

1. Undirritaða umsókn á umsóknareyðublöðum sem má nálgast á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags.
2. Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni kattar.
3. Mynd af kettinum.
4. Vottorð frá dýralækni um einstaklingsmerkingu kattar, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og 11 g. Reglugerðar nr.80/2016, um velferð gæludýra.
5. Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun kattarins, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti m.s.br.
6. Staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafyrirtæki um að umsækjandi hafi gilda ábyrgðartryggingu sem nær til alls þess tjóns sem kötturinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum sé sveitarfélagið ekki með hóprýggingu innifalda í skráningargjaldi.

Þegar sótt er um leyfi til að halda kött í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús, og skal leggja fram samþykki tilskilins hluta íbúðareigenda í fjöleignarhúsi. Þetta skal gert áður en dýr er tekið inn á heimili í fjöleignarhúsi.

**Deleted:** 7.

Skilyrði fyrir skráningu kattar er að gögn skv. 1. mgr. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda og skráningargjald greitt samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins.

**Deleted:** sem viðkomandi

Skráður eigandi kattar ber að tilkynna viðkomandi sveitarfélagi skriflega innan mánaðar um aðsetursskipti eða dauða kattar.

**Deleted:** hefur sett

**Deleted:** fráfall

Óheimilt er að hala kött í húsnæði þar sem enginn er búsettur.

Sveitarstjórn getur ákveðið að í húsnæði í eigu sveitarfélags sé ekki heimilt að halda ketti.

Sveitarstjórn er heimilt að hafna beiðni um skráningu kattar ef umsækjandi hefur áður eða ítrekað gerst brotlegur við samþykkt um kattahald í sveitarfélaginu eða annars staðar.

Umsækjandi getur skotið synjun sveitarfélagsins um skráningu kattar til Heilbrigðisnefndar Austurlands, 6. gr.

*Skyldur sveitarfélaga.*

Í kjölfar skráningar ber sveitarfélagi að afhenda forráðamanni kattar leyfisskírteini sem staðfestingu á að köttur hans hafi verið skráður til heimilis í sveitarfélaginu.

**Deleted:** Umsækjandi hefur rétt á að málsmeðferð og ákvörðun varðandi skráningu kattar fari fram hjá heilbrigðisnefnd. Hafi ákvörðun verið tekin af sveitarfélagi áður felst í umfjöllun heilbrigðisnefndar endurupptaka málsins. Umsækjandi getur skotið ákvörðun sveitarfélagsins til heilbrigðisnefndar til endurupptöku og úrskurðar.¶

**Deleted:** viðkomandi

Sveitarfélag skal tryggja að til staðar sé dýrageymsla sem hefur tilskilin leyfi skv. 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti og reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra, til vörslu katta sem þarf að fanga vegna brota á samþykkt þessari.

**Deleted:**

**Deleted:** 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni

7. gr.

### Skyldur eftirlitsaðila.

Dýraeftirlitsmenn sveitarfélaga skulu halda og uppfæra skrá yfir ketti í sveitarfélaginu. Í skránni skulu koma fram allar upplýsingar er varða skráða ketti og sem dýraeftirlitsmaður telur skipta máli, þ.m.t. hvenær kettirnir hafa verið ormahreinsaðir og öll afskipti sem eftirlitsaðilar hafa haft af köttunum og eigendum þeirra.

Deleted: viðkomandi

Heilbrigðiseftirlit, Matvælastofnun, lögregla og eftir atvikum aðrir starfsmenn sveitarfélaga skulu tilkynna dýraeftirlitsmönnum um kvartanir eða afskipti þeirra af köttum í sveitarfélaginu.

Dýraeftirlitsmaður leggur til við heilbrigðisnefnd að kattaeigendur séu áminntir vegna brota á samþykkt ljóni og heldur skrá um það.

Deleted: , sbr. 9. gr.

Dýraeftirlitsmenn skulu starfa samkvæmt verklagsreglum sem Heilbrigðisnefnd Austurlands samþykkir.

Deleted: h

Deleted: svæðis

8. gr.

### Skyldur eigenda og umráðamanna katta.

Skráðum eiganda kattar ber að sjá til þess að umhirða kattarins sé í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

Kattaeigendur skulu færa ketti sína árlega til ormahreinsunar hjá dýralækni og skulu afhenda sveitarfélaginu staðfestingu um að ormahreinsun hafi farið fram. Sveitarfélagið upplýsir um hvenær árleg ormahreinsun fer fram og er kattaeigendum skylt að mæta á tilsettum tímum með kettina sína.

Ef kattaeigandi getur af einhverjum ástæðum ekki mætt á tilsettum tíma skal hann afhenda sveitarfélaginu staðfestingu frá dýralækni um að ormahreinsun hafi farið fram.

Kattaeigendum er skylt að ábyrgðartryggja sig gegn tjóni sem kettir þeirra kunna að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum og skulu þeir árlega framvísa til sveitarfélags staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafélagi þar um sé sveitarfélagið ekki með hóprýggingu innifalda í skráningargjaldi.

Eigendur katta skulu árlega greiða skráningargjald fyrir ketti þeirra samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur í samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Deleted: að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og

Deleted: 25

Auk einstaklingsmerkingar skulu kettir bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eiganda og símanúmer.

Kattaeigendum ber að sjá til þess að högnar séu geltir og að læður séu gerðar ófrjóar eða hafðar á getnaðarvarnapillu.

Eigendum og umráðamönnum katta ber, eftir því sem framast er unnt, að sjá svo um að kettir þeirra valdi ekki hávaða, ónæði, óþrifnaði eða óhollustu.

Kattaeigendum ber að hafa sandkassa fyrir köttinn á lóð sinni.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Eigendum katta er skylt að koma í veg fyrir að kettir þeirra séu á flækingi utan dýra frá kl. 24.00 að nóttu til kl. 07.00 að morgni. Kattaeigendum og umráðamönnum ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, eftir því sem tók eru á, m.a. með því að hengja bjöllur á hálsólar katta eða takmarka útiveru þeirra.

Deleted: og halda þeim innandyra á nóttunni.

Óheimilt er að hafa ketti í opinberum stofnunum, skólahúsum, matvöruverslunum, við vatnsveitur vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur eða á öðrum þeim stöðum sem tilgreindir eru í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti nema að fengnu tímabundnu leyfi

[heilbrigðisnefndar, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar](#). Einnig er óheimilt að hleypta köttum inn í húsnæði matvæla fyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, og inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

9. gr.

*Föngun katta.*

Sveitarstjórn er heimilt að láta fanga ketti í búr í eftirfarandi tilfellum:

1. ef köttur er ómerktur, hvort sem er án hálsólar og/eða varanlegs merkis
2. ef ítrekað er kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði

3. ef köttur finnst innandyra hjá nágranna í leyfisleysi, á öðrum óheimilum stað eða í fjöleignarhúsi þar sem á skortir tilskilið samþykki annarra íbúðareigenda, sbr. 5. gr.

Kettir sem fangaðir eru skulu færðir í dýrageymslu skv. 2. mgr. 6. gr. Merktum köttum sem ekki er kvartað yfir en lenda í búrum skal þó sleppa lausum og skráðum eigendum tilkynnt um handsömunina og ástæður hennar.

Ef merktir kettir eru teknir úr umferð skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. skal það tilkynnt skráðum eigendum. Komi ítrekað til handsömunar á merktum ketti vegna ónæðis telst það vera brot á samþykkt þessari. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvillt dýr sé að ræða, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Köttur, sem hefur verið handsamaður ítrekað, skal færður í dýrageymslu og því aðeins afhentur eiganda að öll skilyrði fyrir kattahaldi skv. 5. gr. séu uppfyllt. Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu og fóðrun kattarins, sem og aflifunar hans ef til hennar kemur samkvæmt gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags. Köttur sem ekki er einstaklingsmerktur í samræmi við 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, telst vera hálfvillt dýr. Í þeim tilvikum sem hálfvilltir kettir eru handsamaðir er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa kettinum til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta eftir tvo sólarhringa frá handsömun.

Eigandi ómerks kattar sem gefur sig fram skal því aðeins fá köttinn afhentan að hann hafi látið skrá köttinn [skv. 5. gr.](#), greitt skráningargjald vegna hans og uppfyllt öll skilyrði samþykktar þessarar fyrir leyfi til kattahalds. Skal eigandanum við greiðslu skráningargjalds afhent beiðni sem nýta má hjá dýralækni til greiðslu fyrir örmerkingu og hreinsun kattarins.

10. gr.

*Aðgerðir gegn hálfvillum köttum.*

Meiriháttar föngun hálfvilltra katta í þéttbýliskjörnum skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara og með tilmælum um að skráðum köttum sé haldið innan dyra.

Eftir tvo sólarhringa frá handsömun er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa hálfvillum ketti til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta.

11. gr.

*Gjaldtaka.*

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá sem viðkomandi sveitarfélag setur skv. 5. mgr. [59. gr.](#) laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir,

Deleted: eða

Deleted: 25

og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Skráningargjald skal í fyrsta sinn greitt við skráningu kattar og síðan árlega fyrirfram. Skráningargjaldi er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélagsins við kattahald og framkvæmd samþykktar þessarar. Í gjaldskránni skal koma fram hvað er innifalið í skráningargjaldi vegna kattahalds.

Í gjaldskrá skal kveðið á um handsömunar- og vörslugjald vegna handsömunar katta sem teknir eru í vörslu á vegum sveitarfélaga vegna brota á samþykkt þessari.

Við ákvörðun gjalda skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

12. gr.

*Gæludýr önnur en kettir og hundar.*

Eigendum og umráðamönnum gæludýra annarra en hunda og katta er skylt að koma í veg fyrir að dýr þeirra sleppi úr haldi. Gerist það skal þegar gera ráðstafanir til að handsama dýrið.

Eigendur og umráðamenn gæludýra sem haldin eru utandyra, t.d. kanína eða annarra nagdýra, skulu sjá til þess að dýrin valdi ekki nágrönnum ama svo sem með hávaða eða óhreinindum. Skulu þeir tryggja að dýrin geti ekki nagað sig út úr búri eða aðhaldi.

Kanínur skulu einstaklingsmerktar skv. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

13. gr.

*Þvingunarúrræði og afturköllun leyfa.*

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sveitarfélagi er heimilt að afturkalla skráningu katta ef vanhöld verða á ormahreinsun, tryggingum, greiðslu skráningargjalds sem og ef skráður eigandi hefur brotið gegn samþykkt þessari.

Einnig er heimilt að afturkalla allar skráningar telji sveitarfélag það nauðsynlegt í þágu hollustuhátta og öryggis. Jafnframt getur sveitarfélag, telji það og héraðsdýralæknir brýna þörf á, bannað eða takmarkað kattahald í dreifbýli.

Skráðir eigendur eða umráðamenn gæludýra sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu jafnan sæta skriflegri áminningu af hálfu heilbrigðisnefndar og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta.

Ef skráður eigandi eða umráðamaður kattar vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað eða alvarlega gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um kattahald getur heilbrigðisnefnd bannað viðkomandi að halda kött og látið fjarlægja dýrið.

Skráðum eiganda dýrs er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

14. gr.

*Viðurlög.*

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Deleted: vísast til VI. Kafla

Deleted:

Deleted: vísast til VIII. Kafla

Um kærumeðferð fer samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem samin er af Heilbrigðisnefnd Austurlands og samþykkt af sveitarstjórnnum Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Djúpavogshrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðarhrepps staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 705/2010, um kattahald og gæludýrahald annarra dýra en hunda í Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og í Vopnafjarðarhreppi, samþykkt nr. 995/2008, um kattahald í Djúpavogshreppi, og samþykkt nr. 574/2007, um kattahald fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.

---

Deleted: 25

UMH18110132

### SAMÞYKKT

um umgengni og þrífnað utan húss í Fljótisdalshreppi, Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótisdalshéraði og í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mannvirkja er skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.

2. gr.

Óheimilt er að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bíflök, bílhúta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingarefni, báta, skipsskrokka og annað sambærilegt.

3. gr.

Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum.

4. gr.

Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.

5. gr.

Þeir sem annast flutninga skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrífnaði og haga skal þvotti og hreinsun á mannvirkjum og tækjum þannig að nágrannar og vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd eða aðilum í hennar umboði er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi, þar sem eiganda/ábyrgðarmanni skal almennt veittur 10 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum.

Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar.

Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr., enda hafi þá engin andmæli borist.

Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar, svo sem dráttar- og geymslugjalds.

Liggi fyrir skráningarmerki, vélarnúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með áorðnum breytingum. Heimilt er að selja nýtilega hluti úr bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.

7. gr.

Hafi rekstaraliði ekki sinnt fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frest, getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt skv. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og er hámark þeirra kr. 500.000 á dag.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.

Kostnað við verkið sem og dagsektir má innheimta með fjárnámi. Þegar verk það sem eftirlitsaðili lætur vinna er komið til vegna vanhírðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki, er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki í tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

8. gr.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir útlögðum kostnaði af eftirlitsskyldri starfsemi fyrir eftirlit samkvæmt samþykkt þessari í samræmi við 3. mgr. 46 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 5. mgr. 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Heilbrigðisnefnd skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt 1. mgr. má innheimta með fjárnámi.

Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

9. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 66. og 68. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

10. gr.

Samþykkt þessi er hér með staðfest samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykktin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 668/2010 um umgengni og þrífnað utan húss í Fljótsdalshreppi, Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótsdalshéraði og Sveitarfélaginu Hornafirði.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, xx.xx 2019*

F. h. r.